

Jafnréttisstefna Heilsuleikskólans Króks



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Jafnréttisstefna.....	3
Jafnréttisteymi	5
Jafnréttisáætlun	5
Verkefnastýrð áætlun	7
Nemendur.....	7
Foreldrar	8
Starfsfólk.....	9
Heimildaskrá.....	11

Inngangur

Hér ber að líta jafnréttisstefnu Heilsuleikskólans Króks sem byggir á lögum, reglugerðum, stjórnarskrá og sáttmálum sem sett hafa verið um málefnið. Í [Aðalnámskrá leikskóla](#) segir að markmið jafnréttismenntunar skuli vera að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis (*Aðalnámskrá leikskóla, 2011*).



Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Króks er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, Aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmálann og Stjórnarskrá Íslands. Hún á við um nemendur, foreldra og starfsfólk leikskólans til að tryggja að jafnrétti náí til allra í leikskólasamfélaginu. Stefnt er að allir aðilar njóti jafns réttar án tillits til kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og/eða kynhneigðar. Lögð er áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti.

Til að framkvæma jafnréttisstefnu skólans verður sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun þar sem sett verða fram markmið, verkefni, ábyrgð og tímarammi. Með áætluninni verður unnið að því að framfylgja markmiðum Aðalnámskrár um jafnréttismenntun með því að samþætta jafnréttissjónarmið við alla starfsemi leikskólans ásamt sértækum aðgerðum um kynjajafnrétti. Það hefur sýnt sig að þetta tvennt, ásamt öflugri fræðslu starfsfólks og barna er nauðsynlegt til þess að árangur náist. Markmiðið er því að gera starfsfólk leikskólans betur í stakk búið til að greina kynjamismun í orðræðu, námsaðferðum og umhverfi leikskólans. Í þróunarverkefni sem unnið var skólaárið 2013-14, [Snemma beygist krókurinn“, úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti](#), var farið í öfluga fræðslu um stöðu kynjanna og hugmyndafræði um kyn, kyngervi og kynvitund. Þar var starfsfólki gefið tækifæri til að endurskoða viðteknar venjur og staðalmyndir kynjanna, setja upp kynjagleraugun og samþætta kynjasjónarmið í náms- og starfsumhverfi skólans. Með breyttum hugsanahætti og öflugri fræðslu verður starfsfólks betur í stakk búið að afbyggja staðlaðar hugmyndir barnanna um kynin, opna fyrir þeim fleiri möguleika sem kynjahlutverk eiga það til að útiloka og um leið jafna stöðu stelpna og stráka. Sú leikni sem börn öðlast í markvissri jafnréttiskennslu mun undirbúa þau fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Jafnréttisstefna þessi tekur m.a. mið af:

[Aðalnámskrá leikskóla](#) þar sem segir að í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla séu skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í

fjölskyldu og atvinnulífi. Að áherslu beri að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis (Úr Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, bls 14).

[Lögum um leikskóla](#) þar sem markmiðið er að: „Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (Lög um leikskóla, nr. 90, 2008).

[Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla](#), sem hefur það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 2008, nr. 10).

[Jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar](#) sem segir að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna (Stjórnarskrá Lýðveldis Íslands, 65. gr., nr. 33, 1944)

[Barnasáttmálanum](#) 2. gr. um jafnræði og bann við mismunun. Þar segir að öll börn skuli njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnámálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

[Jafnréttisstefnu Grindavíkurbæjar](#) 2. gr. um menntun og uppeldi sem segir að:

- Fræðsla um jafnréttismál skal veitt á öllum skólastigum

- Starfsfólk á öllum skólastigum skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur af báðum kynjum undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi
- Kynjasjónarmiða skal gætt við skipulag náms og framsetningu kennsluefnis
- Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd frístundastarfs
- Þess skal gætt á öllum skólastigum að allir foreldrar óháð kyni, þjóðfélagsstöðu, þjóðerni, litahætti, móðurmáli og forræði barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum

Jafnréttisteymi

Við skólann starfar fjögurra manna jafnréttisteymi sem ber ábyrgð á að jafnréttisstefnu sé framfylgt og að unnið sé markvisst að jafnréttisáætlun og að hún sé metin reglulega. Á hverju vori kynnir jafnréttisteymi framgang áætlunarinnar og næstu verkefni, sem fara inn í starfsáætlun skólans.



Jafnréttisáætlun

Til að framkvæma jafnréttisstefnu skólans er sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun þar sem sett eru fram markmið, verkefni, ábyrgð og tímarammi. Það verður í höndum jafnréttisteymis skólans að halda utan um áætlunina, meta og greina næstu skref. Verkefnin lúta að uppeldi og

menntun nemenda, námsefni, námsumhverfi, samskipum, orðræðu, viðhorfum og fræðslu fyrir allt leikskólasamfélagið.

Verkefnastýrð áætlun

Nemendur

MARKMIÐ	FRAMKVÆMD	ÁBYRGÐ	TÍMI
Náms- og leikefni skal þannig úr garði gert að kynjum sé ekki mismunað	Að huga að því að allur efniviður og verkefni stuðli að jafnrétti	Leikskólastjóri Allir starfsmenn	Á alltaf við
Mæta skal þörfum sérhvers barns óháð kyni	Unnin er einstaklingnámskrá til að mæta þörfum einstaklinga óháð kyni	Deildarstjórar	Haust- og vorönn
Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar í skólastarfinu	Regluleg fræðsla og verkefni fyrir kennara til að skoða eigin viðhorf til jafnréttiskennslu og mikilvægi þess að þeir séu meðvitaðir um að allir nemendur fái sama viðmót og hvatningu	Jafnréttisteymi	Haust- og/eða vorönn
Leggja ber áherslu á að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum	Drengir og stúlkur eru hvött til að leika með allt leikefni óháð kyni	Allir starfsmenn	Á alltaf við
Unnið skal gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur	Kynusli, þar sem ýtt er undir óhefðbundin kynjahlutverk, verður meira áberandi yfir ákveðin tímabil á skólaári. Myndir sem sýna jafnræði milli kynja í störfum settar upp um vegg leikskólans	Jafnréttisteymi	Haustönn
Varast ber að nota hugtök sem upphelja eða niðurlægja annað kynið	Fræðsla og samræða um hvernig slík hugtök koma fram svo kennarar séu betur vakandi til að sporna gegn núverandi orðræðu í þjóðfélaginu	Jafnréttisteymi Allir starfsmenn	Á alltaf við
Stuðla skal að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og	Notast við söguumsnúninga þar sem hinum hefðbundnu kynhlutverkum er skipt yfir á hitt kynið.	Jafnréttisteymi	Vorönn

innan heimilanna	Fræðsla fyrir starfsfólk til að móta betri orðræðu barna og starfsfólks	Allir starfsmenn	
Þess skal gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum	Fræðsla fyrir starfsfólk til að vinna gegn orðræðunni. Skoða barnabækur leikskólans reglulega með kynjafyrirmyndir og hugmyndir sem birtast í bókum í huga	Jafnréttisteymi Allir starfsmenn	Haust- og/eða vorönn
Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum	Skoða kynjaskiptingu við inntöku barna og við færslu um deild	Stjórnendur	Vorönn
Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni og eða kynferðislegri áreitni	Lesi bókina <i>Þetta eru mínir einkastaðir</i> einu sinni í mánuði fyrir börn á eldri deildum	Allir starfsmenn	Á alltaf við

Foreldrar

MARKMIÐ	FRAMKVÆMD	ÁBYRGÐ	TÍMI
Gæta þess að kalla eftir upplýsingum frá báðum foreldrum um hagi, búsetu, símanúmer, netföng o.fl.	Foreldrar fylli út þar til gert eyðublað í fyrsta viðtali við deildarstjóra.	Deildarstjórar	Við upphaf leikskólagöngu
Gæta að því að beina samskiptum, upplýsingum og skilaboðum að bæði föður og móður hvort sem þau eru í sambúð eða ekki	Fá upplýsingar í fyrsta viðtali hjá foreldrum um hvernig þeir vilja haga samskiptum. Að gæta þess að báðir foreldrar séu á póstlista skólans og fái upplýsingar um gengi barna. Leitast við að hafa góð og jöfn samskipti við forelda óháð kyni þeirra	Deildarstjórar Stjórnendur Allir starfsmenn	Á alltaf við
Hvetja bæði feður og mæður til að taka þátt í foreldrasamstarfi	Að hvetja foreldra óháð kyni til þátttöku með því að senda upplýsingar til allra aðila.	Allir starfsmenn	Á alltaf við

Jafna hlutfall kynja í ráðum og nefndum sem og að hvetja foreldra/forráðamenn frá mismunandi þjóðernum að taka þátt	Hvetja foreldra af báðum kynjum og frá mismunandi þjóðernum til samráðs í ráðum og nefndum.	Stjórnendur	Haustönn
Vera með jafnréttisfræðslu reglulega fyrir foreldra	Fyrirlestrar um jafnrétti á foreldrafundum. Setja inn fréttir af jafnréttisverkefnum og vitna í jafnréttisstefnuna. Jafnframt að benda foreldrum á fræðslu og verkefni um jafnrétti	Skólastjóri Jafnréttisteymi Upplýsingateymi	Á alltaf við
Þjóða foreldrum barna af erlendum uppruna túlka í viðtölum og reyna eins og kostur er að þýða mikilvæg skilaboð	Foreldrum tvítyngdra barna er boðið upp á túlka í viðtölum	Deildarstjórar	Haust- og vorönn

Starfsfólk

MARKMIÐ	FRAMKVÆMD	ÁBYRGÐ	TÍMI
Leitast skal við að í leikskólanum starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin	Þegar auglýst er eftir starfsfólki eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um. Í starfslýsingum skulu störf henta öllu starfsfólki óháð kyni	Leikskólastjóri	Á alltaf við
Vinna að jöfnum rétti kynjanna varðandi launakjör og ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna	Skólar ehf. fylgi því að laun séu jöfn óháð kyni, eins og starfsamningar segja til um	Stjórnendur Skóla ehf.	Á alltaf við
Stuðlað að því koma til móts við þarfir starfsmanna og taka tillit til sérstakar fjölskylduraðstæðna þeirra óháð kyni. Að starfsmenn samræmi starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu eins og kostur er	Starfsfólki eru veitt leyfi til að sinna s.s. samtölum og heimsóknum í skóla barna sinna auk þess að sinna ábyrgð er varðar veikindi, tannlækna og aðra sérfræðinga. Starfsfólk er hvatt til að deila ábyrgð með maka sínum ef við á	Allir starfsmenn	Á alltaf við

Veita skal starfsfólki reglulega fræðslu um kynferðislega áreitni	Stjórnendur Skóla ehf. haldi reglulega fræðslu um kynferðislegt ofbeldi til að sem flestir hafi svipaðan skilning hvar mörkin liggja.	Stjórnendur Skóla ehf.	Á alltaf við
Lögð skal áhersla á að temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja	Fræðsla fyrir kennara svo kennarar séu betur í stakk búnir til að takast á við núverandi orðræðu barna og fullorðinna og snúa henni við.	Stjórnendur bera ábyrgð á fræðslu Allir bera ábyrgð á orðræðu	Á alltaf við
Stuðlað skal að samræðu um jafnréttismál	Fræðsla um jafnrétti fyrir starfsfólk og fræða nýtt starfsfólk um stefnu skólans í jafnréttismálum. Að starfsfólk nýti fjölbreyttan bókakost og leikefni sem sýna bæði kyn í fjölbreyttum hlutverkum.	Stjórnendur bera ábyrgð á fræðslu Allir bera ábyrgð á leikefni og bókum	Á alltaf við
Stuðla að starfsþróun í jafnréttismálum í samræmi við áætlun þessa	Fræðsla og námskeið reglulega fyrir starfsfólk, bæði til að halda við fyrri þekkingu sem og auka hana meir.	Stjórnendur	Á alltaf við



Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1992). Sótt 21. janúar 2015 af:

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyttriutgafa.html>

Jafnréttisstefna Grindavíkurbæjar. (2014). Sótt 21. janúar 2015 af:

http://www.grindavik.is/gogn/Jafnréttisstefna_Grindavikurbajar_-_stafest.pdf

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Sótt 21. janúar 2015 af

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sótt 21. janúar 2015 af

<http://www.althingi.is/lagas/139b/2008090.html>

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Sótt 21. janúar 2015 af

<http://www.althingi.is/lagas/142/1944033.html>